

Fundargerð

Fimmtudaginn 17. febrúar 2022 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir nr. 388 var samþykkt.

2. Bréf til sveitarfélaga

Lögð voru fram drög að bréfi til allra sveitarfélaga um almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2022. Fram kemur í bréfinu helstu áhersluatriði nefndarinnar fyrir árið en þau eru eftirfarandi:

1. Yfirferð ársreikninga 2021 og samanburður við fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga og fjárhagsleg viðmið EFS.
2. Yfirferð fjárhagsáætlunar 2022-2025 og samanburður við fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga og fjárhagsleg viðmið EFS.
3. Yfirferð á endurskoðunarskýrslum 2021 en þar koma fram upplýsingar um fjármál og fjármálastjórn og lúta að hlutverki EFS í 79. gr. sveitarstjórnarlaga um almennt eftirlit með að þessir þættir séu í samræmi við lög og reglur.
4. Yfirferð á fjárhagslegum samskiptum milli A- og B-hluta.
5. Yfirferð á fjármálum A-hluta með tilliti til fjárhagslegra viðmiða sveitarstjórnarlaga og samspils við B-hluta fyrirtæki.
6. Yfirferð skuldbindingayfirlits og framsetning þess í ársreikning.

Ákveðið var að GAG myndi senda bréfið út til allra sveitarfélaga.

3. Fjárhagsáætlun 2022

Farið var yfir fjárhagsáætlun Árborgar 2022-2025. Gert er ráð fyrir að afkoman verði neikvæð fyrir árin 2022 og 2023 en verði síðan jákvæð út tímabilið. Áætlunin sýnir að tekjur muni aukast meiri en útgjöld á tímabilinu sem skýrist af fjölgun íbúa. Samkvæmt mannfjöldaspá í áætlunin er gert ráð fyrir að íbúum muni fjölga um nær 40% frá árinu 2020 til ársins 2025.

Sveitarfélagið ætlar að fjárfesta fyrir um 3-4 ma.kr. á hverju ári næstu þrjú árin sem verður fjármagnað að mestu með nýjum lántökum. Af því leiðir að skuldaviðmið

samstæðunnar hækkar á tímabilinu og verður um 160% á árinu 2023 en fer síðan lækkandi og verður komið undir 150% hámarksviðmið árið 2025.

Í bréfi sem EFS sendi til Árborgar þann 8. október 2021 kom fram að nefndin hugðist óska eftir fundi með fulltrúum sveitarfélagsins eftir að svör myndi berast við bréfinu. Umræðuefnið á þeim fundi mun vera yfirsýn yfir heildarmyndina og framtíðarsýn í fjármálum sveitarfélagsins. Eftir að svör bárust ákvað EFS að bíða með að boða til fundar þangað til nefndin væri búin að yfirfara fjárhagsáætlun 2022-2025. Þar sem búið er að fara yfir fjárhagsáætlun var ákveðið að óska eftir fundi með Árborg í byrjun mars.

4. Verkefnaskjal

Farið var yfir verkefnaskjal.

5. Önnur mál

Enginn önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar 18. mars nk.